

Árni Heimir Ingólfsson

„Að syngja á Bachísku.“

Tónlistin er eins og tungumál, og eitt af markmiðum tónlistarnáms ætti að vera að kenna nemendum að flytja tónlist í ólíkum stíltegundum "án hreims". Árni Heimir mun ræða það að hvaða leyti barokktónlist krefst annarrar nálgunar en tónlist síðari alda og hvað ber að hafa í huga þegar unnið er með nemendum að flutningi hennar.



Árni Heimir Ingólfsson lauk doktorsprófi í tónlistarfræði frá Harvard-háskóla árið 2003 og hefur síðan látið til sín taka í íslensku tónlistarlífi með ýmsum hætti. Hann var dósent við Listaháskóla Íslands um árabil, tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2007-2011, en hefur einnig unnið ötullega að rannsóknum á íslenskri tónlistarsögu. Hann ritaði ævisögu Jóns Leifs sem var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2009 og hefur í tvígang hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir hljómdiska sína með tónlist úr íslenskum handritum. Hann leggur nú lokahönd á nýja bók, Saga tónlistarinnar, sem kemur út hjá Forlaginu í byrjun árs 2015.